

Heimasíða Geðhjálp opnuð á Netinu

GEÐHJÁLP hefur opnað heimasíðu á Netinu. Þar er að finna upplýsingar um það helsta sem er á döfinni í geðheilbrigðismálum.

Ítarleg umfjöllun er um gagnagrunnsfnumvarpið og ljósi varpað á ýmsar hliðar þess sem ekki er fjallað um annars staðar. Fjölmörgum spurningum er svarað og hægt er að senda inn fleiri spurningar. Tengingar eru í alþjóðasáttmála og upplýst er hvaða alþjóðareglur um persónuvernd eru í gildi á Íslandi.

Á heimasíðunni er í máli og myndum sagt frá húsi Geðhjálp sem félagið eignaðist nýlega að frumkvæði Ingibjargar Pálmadóttur, heilbrigðisráðherra. Minnt er á landssöfnun Kiwanis-manna með sölu á K-lyklin-

um undir slagorðinu Gleymum ekki geðsjúkum, en andvirði lykilsins gerir Geðhjálp kleift að gera endurbætur á húsinu og taka það í notkun.

Enn fremur er að finna á heimasíðunni dagskrá alþjóðlegs geðheilbrigðisdags, 10. október auk annars efnis, svo sem dagskrá félagsmiðstöðvar Geðhjálp.

Slóðin er gedhjalp.is